

## 8. gr.

**Hylki fyrir þjappaðar lofttegundir.**

- 8.1. Hylki, er geyma þjappaðar lofttegundir, skulu uppfylla viðurkennd öryggisákvæði, svo og geymslustaðir.
- 8.2. Vel skal verja lagnir, þrýstjafnara og ventla.
- 8.3. Þegar hylkin eru ekki í notkun, skal þess gætt, að þau séu örugglega lokuð.
- 8.4. Við leit að leka á hættulegum lofttegundum, skal ætíð nota viðeigandi tæki.

## 9. gr.

**Gildistaka o.fl.**

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 51, 30. mars 1987 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi að öðru leyti en að neðan greinir, og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Ákvæði 3. gr. skulu þó öðlast gildi 1. júlí 1989 fyrir skip sem þegar hafa verið útbúin til að vinna afla um borð. Ákvæði 6.1. gr. skulu öðlast strax gildi fyrir ný fiskiskip, 1. júlí 1989 fyrir aðra skuttogara og 1. júlí 1990 fyrir önnur fiskiskip.

Siglingamálastofnun ríkisins getur veitt undanþágu frá gr. 3.1.1. hvað varðar gönguleiðir í skipum sem þegar hafa verið útbúin til að vinna afla um borð.

Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 154/1980 sbr. nr. 326/1985.

*Samgöngumálaráðueytið, 26. júlí 1988.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

**REGLUR**

**um breytingu á reglum um smíði og búnað íslenskra skipa  
nr. 553/1975 sbr. nr. 124/1988.**

**Hluti H.****Um stöðugleika og öryggi fiskiskipa.**

## 1. gr.

Við 1. málsgrein 11. gr., 1101, bætist nýr stafliður, g, sem orðist svo:

g) Fyrir skip er stunda nótaveiðar, ástand við skip með veiðarfæri, 30% eftir af olú, vatni, birgðum og vistum og með ísingu skv. 12. grein.

## 2. gr.

Við 18. gr. bætist ný málsgrein 1821 sem orðist svo:

1821. Í skipum sem frysta afla um borð skulu lestarhólf ekki vera breiðari en 4,0 m, lengd milli þverskilrúma ekki meiri en 9,0 m og uppstilling skal ná upp í loft.

Við útreikning á lestarborðum og stoðum telst eðlisþyngd farms γ vera jafnt og 0,5 t/m<sup>3</sup>. Sé eðlisþyngd meiri skal taka tillit til þess. Lestarborð úr furu eða greni skulu vera án bresta, örfin og kvistalítill.

Við ákvörðun á útsveigju er  $E = 10^4 \text{ N/mm}$  og öryggisstuðull  $N = 2$ . Þá skal gert ráð fyrir einföldum undirstuðningi á bjálka og að bjálkinn sé með jafndeildum þunga. Fyrir langskipsskilrúm skal reikna álagið við  $90^\circ$  halla skipsins og fyrir þverskilrúm við  $25^\circ$  stafnhalla.

Lestarstöðir skulu reiknaðar fyrir það álag sem þær geta orðið fyrir þ.e. hliðarálag og langskipssálag.

Dýptir spora skulu eigi vera minni en 80 mm og breidd spora mest 10 mm breiðari en plankaþykktin.

Álag á eitt langskipssborð ákvarðast samkvæmt eftirfarandi líkingu:

$$Q = 9.81 \times 10 \times B \times l \times b \times \quad (\text{N})$$

$$M = Q \times l \quad (\text{Nm})$$

$$f = \frac{5}{48 \times 10 \times M \times EXJ} \quad (\text{m})$$

$$\sigma = \frac{M}{W} \quad (\text{N/mm})$$

Skilgreiningar:

L = Lengd hólfis (m)

B = Breidd hólfis (m)

$\gamma$  = Eðlisþyngd farms í lestarúmi, 0,5 t/m

Q = Álag á lestarborð (N)

M = Vægi á lestarborð (Nm)

Lestarborð:

l = lengd borðs (m)

b = breidd borðs (m)

E = brotþol lestarborðs áætlað 10 (N/mm)

J = tregðuvægi (cm)

W = móttstöðuvægi (cm)

$\sigma$  = leyfileg hámarksspenna (22 N/mm)

$f_m$  = 1/90, leyfileg hámarksbeygja (m)

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 51/1987 um eftirlit með skipum staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 26. júlí 1988.

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*